

## FUNDARGERÐ

5. febrúar 2020

Fundur stjórnar, haldinn í Fossvogsskóla

Mættir: Eyþóra Hjartardóttir, Karl Þráinsson, Unnur Björnsdóttir, Elfa Þöll Grétarsdóttir, Hrund Hauksdóttir, Eyrún Magnúsdóttir

Fjarverandi: Guðrún Lára Skarphéðinsdóttir, Illugi Gunnarsson, Magnús Már Guðmundsson

1. Skólaráðsfundur:

Leki kom uppí þakglugga í Vesturlandi. Einnig eldri lekaskemmdir í Austurlandi sem aldrei hefur verið litið á, kennslueldhúsið börn enn að veikjast eftir veru þar, geymsla illa farin undir kennslueldhúsinu. Börn og starfsfólk að veikjast eftir veru í Vesturlandi og víðar.

Skólaráð hyggst senda skóla- og frístundaráði erindi um ástandið. Stjórn FFF gerir ráð fyrir að senda frá sér erindi/yfirlýsingu í kjölfarið til stuðnings þessu.

Bæta þarf upplýsingaflæði til foreldra. Fundur í næstu viku í skólaráði.

Stefnum á annan fund þegar erindi skólaráðs liggur fyrir og funda þá með skólastjóra.

2. Betri bústaðir:

20. febrúar frá kl. 20:00-22:00 verður haldið foreldraþing. Skólar í öllu hverfinu, Víkingur, Bústaðir ofl. Fjöldi áhugaverðra fyrirlestra. Svo verður skipt í umræðuhópa. Ræða nokkrar spurningar og skila svörum. Gerð verður stutt grein fyrir niðurstöðunum stuttlega í lok fundar.

Þingið verður haldið í Réttó. Búinn verður til opinn viðburður sem hægt er að deila.

Stefnt að næsta fundi stjórnar FFF þegar erindi skólaráðs liggur fyrir og funda þá með skólastjóra.

Fundargerð ritaði EHj.